

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. október 2008
Tilvísun: UST20081000078/ksj

Hörgsnes – Þingmannaá í Vatnsfirði í Vestur Barðastrandasýslu. Endurnýjun vegar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. viðauka 2, lið 10c um hvort og á hvaða forsendum uppbygging vegar frá Hörgsnesi að Þingmannaá í Vatnsfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmd

Endurnýjun vegar við Hörgsnes í Vatnsfirði er á verndarsvæðum, bæði í friðlandi Vatnsfjarðar og á verndarsvæði Breiðafjarðar. Vegakaflinn hefst rétt utan við Hörgsnes og nær að slitlagsenda um 200 m utan við Þingmannaá. Vegakaflinn er 4,4 km langur og 7,5 m breiður af vegflokki C1. Uppbygging vegarins fylgir að mestu núverandi vegi en við Hörgsnes verður breyting á honum á 600 – 700 m kafla. Veghelgunarsvæðið er 30 m frá miðlínu vegar til beggja handa. Vegurinn færir niður í fjöru utan við Hörgsnes og upp á landið við nesið sjálft. Vegakaflinn sem leystur verður af hólmi verður fjarlægður.

Náttúruminjar

Staðsetning væntanlegra vegaframkvæmda frá Þingmannaá og fyrir Hörgsnes er á svæði sem er verndað með lögum. Í náttúruminjakrá kemur eftirfarandi fram: „ **Breiðaffjörður, Snæfellssýslu, Dalasýslu, A – og V- Barðastrandasýslu. Eyjar og fjöru eru verndaðar með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er 20.000 ha.** „ Væntanlegt framkvæmdasvæði er á mörkum friðlands í Vatnsfirði. Í náttúruminjakránni segir: „ **Vatnsfjörður, Vesturbyggð (áður Barðastrandahr.) , V- Barðastrandasýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr.96/1975. Stærð 20.000 ha.** “

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 þarf leyfi stofnunarinnar til framkvæmda innan hins friðlýsta svæðis.

Efnismál og námur

Opin náma er rétt austan við Vatnsdalsá innan við framkvæmdasvæðið sem er með framkvæmdaleyfi. Áætlað er að nota 30.000 m³ af efni úr námunni við framkvæmdina. Á um 200 m kafla við Hörgsnes verður núverandi vegur fjarlægður og það efni sem er nýtanlegt verður lagt í fyrirhugaðan veg.


Frágangur


Umhverfisstofnun telur að lýsingar á frágangi aflagðra vega þ.e. að sáð verði birkifræjum sem safnað verður á svæðinu og að yfirborð aflagðra vega verði rifið upp til að auðvelda landnám gróðurs muni flýta fyrir uppgræðslu aflagðra vega.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að endurnýjun vegar við Hörgsnes í Vatnsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt


Kristin S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Vegagerðin